

Ákvörðun nr. 31/2021

Föstudagurinn, 30. júlí 2021

Kaup TT3 ehf. á öllu hlutafé SRX ehf. og Ormsson ehf.

I. Málsmeðferð

1. Samruni SRX ehf. (hér eftir „SRX“) og Ormson ehf. (hér eftir „Ormsson“) var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 1. júlí 2021. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar samrunans því að líða 2. júlí 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga úr samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði og opinberra gagna, auk þess sem eftirlitið leitaði upplýsinga með samtölum við keppinauta SRX og Ormsson.

II. Samruninn

2. Við samrunann eignast SRX allt útgefið hlutafé í Ormsson. Ekki er gert ráð fyrir félagsréttarlegum samruna, en þar sem um breytingu á yferráðum Ormsson er að ræða er það mat samrunaaðila að viðskiptin feli í sér samruna skv. c-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Fyrirhugað er að nýstofnað félag, TT3 ehf., muni kaupa allt útgefið hlutafé í SRX og Ormsson, skv. heimild SRX til að framselja réttindi og skyldur sínar skv. kaupsamning til eignarfélagsins sem mun eiga alla hluti í SRX og Ormsson. XOR ehf., mun fara með yferráð í TT3 og eiga rúmlega 66% hlutafjár, en Verlanagreining ehf. mun eiga rúmlega 33% hlutafjár.
3. Verlanagreining ehf. er í 100% eigu Kjartans Arnar Sigurðssonar og XOR ehf. er í Ingva Týs

1. Markaðir málsins og staða fyrirtækja á þeim

4. SRX er alþjóðlegt vörumiðlunarfyrirtæki sem kaupir farsíma, raftæki og aðrar vörur, af söluaðilum erlendis í þeim tilgangi að endurdreifa þeim hérlendis. Fyrirtækið starfar því sem heildsali fyrir rafvörur og eru helstu vöruflokkar farsímar og rafmagnshlaupahjól. Þar á eftir koma heyrnartól og spjaldtölvur en aðrar vinsælar vörur eru sjónvarpsbox, heilsuvörur, netbúnaður, snjall úr, ryksugur, hátalarar, grill og lítil heimilistæki. Auk þess starfar SRX á markaði fyrir innflutning á heildsölu á reiðhjólum og rafmagnshjólum
5. Ormsson annast innflutningsverslun, smávöruverslun, umboðsviðskipti, viðgerðarþjónustu og aðra skylda starfsemi og starfrækir félagið verslanir með raftæki og innréttingar. Fyrirtækið rekur eina verslun á höfuðborgarsvæðinu og eina verslun á Akureyri, auk þess sem það starfrækir þjónustuverkstæði í Reykjavík. Meginstarfsemi er innflutningur og sala á



heimilistækjum, sjónvörpum og hljómtækjum til neytenda. Þá er Ormsson umboðsaðili fyrir ýmis vörumerki.

6. Í samrunaskrá segir að forsvarsmenn Ormsson ætla að markaðshlutdeild fyrirtækisins á markaði fyrir smásölu á hvítvörum nemi um 15-20%, en SRX er hvorki með starfsemi á heild- né smásölustigi fyrir hvítvörur. Þá er lítill hluti af rekstri beggja aðila á markaði fyrir smásölu á litlum heimilistækjum og telja samrunaaðilar að lóð- og lárétt skörun á þessum markaði sé afar takmörkuð. Stór hluti af rekstri Ormsson fer fram á markaði fyrir smásölu á brúnvöru en SRX er með takmarkaða starfsemi á þeim markaði. Telja samrunaaðilar að lóð- og lárétt skörun á þeim markaði sé einnig afar takmörkuð. Meginstarfsemi SRX fer fram á markaði fyrir tölvur, samskiptatæki og fylgihluti en Ormsson keppir að mjög takmörkuðu leiti á smásölustigi þessa markaðar. Lóðrétt skörun á starfsemi aðila á þessum markaði varðar aðeins heyrnartól.

2. Áhrif samrunans

7. Í samrunaskrá segir að það sé mat samrunaaðila að samruninn leiði ekki til þess að samkeppni á markaði raskist þar sem:
 - a) Starfsemi þeirra skarist ekki á markaði fyrir stór heimilistæki;
 - b) Lárétt skörun og sameiginleg markaðshlutdeild samrunaaðila sé takmörkuð og í öllu falli ekki hærri en 20% á öðrum mörkuðum; og
 - c) Lóðrétt skörun á starfsemi samrunaaðila sé að sama skapi takmörkuð og ekki til þess fallin að hafa áhrif á samkeppni.
8. Í samrunaskrá segir einnig að tilgangur og markmið SRX með kaupum á öllu hlutafé í Ormsson sé að fá aukið aðgengi að geymslurými á lager og starfskröftum. Þannig muni sameinað félag leitast við að hámarka nýtingu innviða og haga rekstrinum með sem hagkvæmustum hætti. Samrunaaðilar sinna nægilega tengdri starfsemi svo hægt sé að ná þessum markmiðum en skarast þó ekki nema að mjög takmörkuðu leyti. Samruninn mun því fyrst og fremst leiða til hagkvæmari nýtingar framleiðslupátta en ekki hafa nein marktæk áhrif á samkeppnisstöðu á þeim mörkuðum sem fyrirtækin starfa.
9. Að mati samrunaaðila er aðgangur að rafvörumarkaði opinn og sífellt auðveldara að stunda netsölu með minnkandi þörf neytenda fyrir hefðbundnar verslanir og að mati samrunaaðila er tiltölulega auðvelt fyrir nýja aðila að stíga inn á rafvörumarkað. Þá sé kaupendastyrkur einnig einkennandi í rekstri samrunaaðila.
10. Telja samrunaaðilar að samruninn sé því ekki til þess fallinn að hafa neikvæð áhrif á samkeppni, skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu.
11. Samkeppniseftirlitið fellst á það með samrunaaðilum að ekki séu vísbendingar um að aðilar málsins hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif óveruleg þar sem skörun á starfsemi samrunaaðila á mörkuðum málsins er takmörkuð. Þá lýstu hagaðilar sem rætt var við vegna rannsóknarinnar ekki yfir neinum áhyggjum vegna samrunans.
12. Að virtum þeim upplýsingum sem liggja fyrir í málinu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til þess að grípa til íhlutunar vegna samrunans á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.



III. Ákvörðunarorð

„Kaup TT3 ehf. á öllu hlutafé SRX ehf. og Ormsson ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í málinu“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson